

FW: Fyrirspurn vegna breytingar á götuheiti - b.t. þess er málið varðar

Til : Bjarki Jóhannesson
Frá : Steinunn Þorsteinsdóttir
CC : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Heiti : FW: Fyrirspurn vegna breytingar á götuheiti - b.t. þess er málið varðar
Málsnúmer : 1106162
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 15.10.2013 23:12:25
Höfundur : Steinunn Þorsteinsdóttir

From: Helena Rós Sigmarsdóttir [mailto:sudurvangur3@gmail.com]
Sent: 15. október 2013 22:07
To: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Subject: Fyrirspurn vegna breytingar á götuheiti - b.t. þess er málið varðar

Komið þið sæl.

Að gefnu tilefni þá höfum við íbúar húsanna Suðurvangs 1 - 9 ákveðið að óska eftir því að bera fram ósk um nýtt götuheiti á götustúfnum okkar.

Málið er að við erum íbúar einbýlishúsa við Suðurvang 1 - 11. Götustúfurinn okkar er vel aðgreinanlegur frá restinni af Suðurvangi sem saman stendur af fjölbýlishúsum og liggur gatan Suðurvangur að meginstefnunni í U. Þar sem að okkar götustúfur stingur í raun í stúf við restina af götumyndinni höfum við, íbúar þessa botnlanga, ákveðið að leggja í nefnd hjá Hafnarfjarðarbæ að götuheitinu okkar verði breytt í Glæsivangur og fengju þá húsnúmer götunnar að halda sér. Reyndar væru húsnúmer þeirra fjölbýlishúsa sem eftir yrðu í hinum eiginlega Suðurvangi, það er í þessari U-lengju, í einhverju uppnámi en það ætti ekki að vera nægjanlega ástæða til að hafna þessari ósk okkar.

Rök fyrir nafnabreytingu:

1. Oft veldur það misskilningi að þessi botnlangi sé hluti af Suðurvangi þar sem um ólíkar byggingar er að ræða.
2. Það veldur oft misskilningi hvort Suðurvangur liggur beint áfram eða beygir til hægri þegar inn götuna er komið.
3. Fordæmi eru fyrir því, innan bæjarfélagsins, að ósk íbúa götu um nafnabreytingu götunnar sé virt.

Í þeim aðgreinanlega botnlanga, sem um ræðir, eru aðeins 7 hús. Standi nafngiftin "Glæsivangur" í bæjarstjórn þá eru götubúar botnlangans reiðubúnir til þess að finna ásættanlegt nafn á götuna sem gerði botnlangann aðgreinanlegan frá restinni af Suðurvangi.

Að svo komnu máli leggjum við þetta fyrir bæjarstjórn án frekari rökstuðnings en áskiljum okkur þann rétt að rökstyðja mál okkar frekar ef þetta skyldi vera vandkvæðum bundið.

Með fyrirfram þökk f.h. íbúa botnlangans,
Helena Rós Sigmarsdóttir
Suðurvangur 3
220 Hafnarfjörður

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)